

Aðstoðarskólastjóri

Laust er starf aðstoðarskólastjóra við samrekinn leik- og grunnskóla, Blaskógaskóla Laugarvatni. **Starfshlutfall 100 %**

Starfið í skólanum er í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Skólinn leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og læsi í viðum skilningi.

Horft er til að hafa starfsumhverfi hvetjandi og krefjandi í senn. Teymiskennsla hefur verið í þróun sl. skólaár sem er að gefa góða raun og sér í lagi þegar horft er til samfellu á milli skólastiga.

Aðstoðarskólastjóri mun starfa náið með skólastjóra og mun starfa í stjórnendateymi skólans. Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er m.a að:

- Sinna faglegri forystu innan skólans ásamt skólastjóra
- Hafa umsjón með daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Veita markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- Vera staðgengill skólastjóra

Aðstoðarskólastjóri þarf að hafa kennsluréttindi á grunnskólastigi.

Deildarstjóri leikskóladeildar

Laust er starf deildarstjóra leikskóladeildar við samrekinn leik-og grunnskóla. Á deildinni eru 24 börn á aldrinum 1. árs -5 ára. **Starfshlutfall 100 %**

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Mikil áhersla er lögð á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og læsi í viðum skilningi.

Horft er á leikinn sem mikilvæga námsleið og lagt upp með að allir fái notið sín.

Starfsumhverfið er hvetjandi og krefjandi í senn. Teymiskennsla hefur verið í þróun sl. skólaár sem er að gefa góða raun og sér í lagi þegar horft er til samfellu á milli skólastiga.

Spennandi starf fyrir drífandi leikskólakennara sem hefur áhuga á að starfa í teymi og opin fyrir að þróa starf leikskóladeildar.



Hlutastarf kennara í eftirfarandi greinum eru laus til umsóknar fyrir skólaárið 2017-2018:

- **Smíðar 4 stundir á viku**
- **Handavinna 4 stundir á viku**

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi á leik-og eða grunnskólastigi.
- Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða; stjórnunar, sérkennslu eða sambærilegra greina er æskileg
- Reynsla af stjórnun mikilvæg
- Reynsla og áhugi á útinámi kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi og þróunarstarfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Gleði, samstarfsvilji og lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til kennsluréttinda á öðru skólastigi eða háskólaprófs í uppeldisfræðum. Reynsla og meðmæli úr fyrri starfi/störfum nauðsynleg ásamt ferilskrá viðkomandi. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl og mikilvægt að deildarstjóri leikskóladeildar geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir berist rafrænt til skólastjóra elfa@blaskogaskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is